



SKÝRSLA UM FYRIRFRAM UMSAMDAR AÐGERÐIR VEGNA MATS Á ÁHRIFUM
FJÁRFESTINGAR Í NÝRRI BYGGINGU Í ÁRNESI SEM MUN HÝSA ÍPRÓTTAHÚS,
VERKNÁMSAÐSTÖÐU, FYRIRTÆKJAKJARNA OG SKRIFSTOFU SVEITARFÉLAGSINS

Til sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Akureyri, 8. desember 2023

Tilgangur skýrslu um fyrirfram umsamdar aðgerðir

Skýrsla okkar er einungis til að aðstoða ykkur við að ákvarða hvort fyrirhuguð fjárfesting í nýrri byggingu í Árnesi sem mun hýsa íþróttahús, verknámsaðstöðu, fyrirtækjakjarna og skrifstofu sveitarfélagsins sé í samræmi við 66. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 en skýrslan hentar ekki í öðrum tilgangi.

Ábyrgð sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur móttengið og samþykkt að fyrirfram umsömdu aðgerðirnar eru viðeigandi út frá eðli verkefnisins.

Sveitarstjóri, tilgreindur af sveitarstjórn, ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem fyrirfram umsömdu aðgerðirnar ná yfir.

Ábyrgð endurskoðandans

Við höfum framkvæmt fyrirfram umsamdar aðgerðir í samræmi við alþjóðlegan staðal um tengda þjónustu (ISRS 4400 revised) sem á við um fyrirfram umsamdar aðgerðir. Fyrirfram umsamdar aðgerðir fela í sér framkvæmd aðgerða sem sérstaklega hefur verið samið um við Skeiða- og Gnúpverjahrepp, ásamt skýrslugjöf til ykkar með niðurstöðum þeirra fyrirfram umsamdra aðgerða sem við framkvæmdum. Við fullyrðum ekki að aðgerðirnar séu viðeigandi.

Þessar fyrirfram umsömdu aðgerðir eru hvorki endurskoðun né könnun. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit né ályktun á niðurstöður aðgerðanna.

Hefðum við framkvæmt frekari aðgerðir hefðu önnur atriði getað komið upp sem við hefðum þá upplýst ykkur um.

Óhæði og gæðastýring

Við erum óháð sveitarfélaginu Skeiða- og Gnúpverjahreppi í samræmi við viðeigandi íslensk lög og siðareglur endurskoðenda.

Við fylgjum alþjóðlegum staðli um gæðastjórnun, ISQC 1 og viðhöldum í samræmi við það alhliða kerfi gæðaeftirlits, þar með talið skjalfestar stefnur og verklagsreglur varðandi fylgni við siðferðisleg gildi, alþjóðlega staðla og aðrar viðeigandi kröfur laga og reglugerða.

Aðgerðir og niðurstöður

Við höfum framkvæmt neðangreindar aðgerðir, sem samþykktar hafa verið af Skeiða- og Gnúpverjahreppi í tengslum við mat á því hvort fyrirhuguð fjárfesting í nýrri byggingu í Árnesi sem mun hýsa íþróttahús, verknámsaðstöðu, fyrirtækjakjarna og skrifstofu sveitarfélagsins sé í samræmi við 66. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

	Aðgerðir	Niðurstöður
1.	<p>Við höfum gert sérstakt mat á áhrifum fyrirhugaðrar fjárfestingar í nýrri byggingu í Árnesi sem mun hýsa íþróttahús, verknámsaðstöðu, fyrirtækjakjarna og skrifstofu sveitarfélagsins á fjárhag sveitarfélagsins. Við höfum yfirfarið eftirfarandi gögn sem við fengum frá fjármálastjóra og sveitarstjóra og byggt mat okkar á þeim.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Samþykktur ársreikningur Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2022 (viðauki 2) • Útkomuspá 2023 í fjárhagsáætlun 2024, 2025-2027 (viðauki 3) • Fjárhagsáætlun 2024-2027 (viðauki 3) • Áætluð fjárhæð fjárfestingar og tímaáætlun framkvæmda (viðauki 3) • Áætlaður rekstrarkostnaður fjárfestingar eftir að framkvæmdum lýkur (viðauki 4) 	<p>Eftir yfirferð á þeim gögnum sem sveitarstjóri og fjármálastjóri lögðu fram er það niðurstaða mats okkar að fjárhagsleg staða sveitarfélagsins ráði við þá fjárfestingu sem fyrirhuguð er í nýrri byggingu í Árnesi sem mun hýsa íþróttahús, verknámsaðstöðu, fyrirtækjakjarna og skrifstofu sveitarfélagsins. Samantekt úr gögnum er að finna í viðauka 1 en forsendur mats eru í meginatriðum eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Við yfirförum að í áætlunum er gert ráð fyrir 1.200 m.kr. fjárfestingu í nýrri byggingu í Árnesi sem mun hýsa íþróttahús, verknámsaðstöðu, fyrirtækjakjarna og skrifstofu sveitarfélagsins. Gert ráð fyrir nýrri langtíma lántöku vegna fjárfestingar að fjárhæð 580 m.kr. og skammtíma lántöku að fjárhæð 498 m.kr. á árunum 2024-2026. • Við yfirförum að í áætlunum er gert ráð fyrir hækkun rekstarkostnaðar nýbyggingar eftir að framkvæmdum lýkur, en á móti er áætlað að aðrar eignir fari úr rekstri en áætluð nettó áhrif eru hækkun upp á 50,4 m.kr. frá og með árinu 2027. • Við yfirförum að samanlögð áætluð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum eru á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum. • Við yfirförum að skuldahlutfall og skuldaviðmið fara ekki yfir 150% í áætlunum sveitarfélagsins.



Vísað er til frekari gagna sem fylgja skýrslu þessari:


Viðauki 1 – Forsendur mats

Viðauki 2 – Samþykktur ársreikningur Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2022

Viðauki 3 – Fjárhagsáætlun Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2024-2027

Viðauki 4 – Rekstrarkostnaður íþróttá- og verknámshúss

PricewaterhouseCoopers ehf.


Rúnar Bjarnason
Löggiltur endurskoðandi

